

Ed. 56. Frumvarp til laga

um uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Vangæf börn og unglingar eru í lögum þessum talin drengir og stúlkur, sem eru svo siðferðislega vanþroska, að þau brjóta hegningarlögin, sýna vítaverða ósiðsemi eða eru svo ódæl heima fyrir, að aðstandendur og kennarar ráða ekki við þau.

2. gr.

Stofna skal, svo fljótt sem við verður komið og fé er veitt til þess í fjárlögum, uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga, annað fyrir drengi og hitt fyrir stúlkur.

3. gr.

Ríkið starfrækir heimili þessi á sinn kostnað, eftir reglugerð, er kennslumálaráðherra setur í samráði við barnaverndarráð og fræðslumálastjóra.

4. gr.

Uppeldisheimili þessi skulu geta tekið, hvort um sig, 25–30 börn og unglinga, til 16 ára aldurs, sem barnaverndarnefndir eða lögreglustjórar ráðstafa þangað. Verði aðsókn meiri en húsrúm leyfir, ganga börn innan 15 ára aldurs fyrir þeim eldri, og þau börn látin sitja í fyrirrúmi, sem fátækust eru eða erfiðust þykja heima fyrir.

5. gr.

Kennslumálaráðherra ákveður, í samráði við barnaverndarráð, hvar þessar stofnanir verða, en þó skulu þær vera í sveit, þar sem er nægilegt landrými til búskapar, svo að börnin og unglingarnir geti vanizt algengri sveitavinnu.

Greinargerð.

Frumvarp þetta bar ég fram á Alþingi í vetur sem leið, og fylgdi því þá eftirfarandi greinargerð, er ég sé ekki ástæðu til að breyta, enda þótt vitna mætti til alveg nýrra ummæla ýmsra sérfróðra manna, sem styðja þetta mál:

„Þann 8. nóv. 1935 var svolátandi þingsályktunartillaga samþykkt í efri deild Alþingis:

„Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lögjöf um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglínga.“

Ekki varð þess vart, að ríkisstjórnin hreyfði neitt við málinu, og bar ég því fram frumvarp í fyrra, sem nú liggur aftur litið eitt breytt fyrir háttv. Alþingi. Málið hlaut eigi afgreiðslu. Situr því allt við sama, nema hvað ráðgert er, að nokkru fé verði varið úr ríkissjóði til að hlynna að barnaverndarmálum. Nauðsyn þess, að hér sé hafin rækileg varnar- og björgunarstarfsemi fyrir vangæf börn og unglínga, fer dagvaxandi, því slíkum börnum og unglíngum fjölgar óðum vor á meðal, eins og raun ber vitni um og ég mun reyna að sýna fram á með nokkrum tölum og dæmum.

Barnaverndarnefndir þekkja að sjálfsögðu bezt, hvar komið er vor á meðal í þessum efnum. Nýverið hefir verið birt yfirlit yfir þann starfsþátt barnaverndarnefndar Reykjavíkur, sem snertir börnin beinlínis og eingöngu. Koma þar í ljós ástæðurnar fyrir afskiptum nefndarinnar af einstökum börnum. Langoftast er það þjófnaður, hnupl eða þátttaka í þvífíku, þá óhlýðni, óknyttir og vanræksla, útiverur barna og lausung; þess utan veiklun og heilsuleysi, sem börnunum verður vitanlega ekki gefið að sök.

Síðastliðið ár hafði barnaverndarnefndin afskipti af 102 börnum; þar af höfðu lent í þjófnaði 69 börn, og auk þess komu til afskipta nefndarinnar vegna óknyttu, óhlýðni og vanrækslu 19 börn, vegna útiveru og lausungar 7 börn, og vegna óviðráðanlegra ástæðna, svo sem heilsuleysis og veiklunar, alls 7 börn.

Tölur barnaverndarnefndar bera það með sér, að börnunum fjölgar hér í bæ ár frá ári, sem rata í einhver þau vandræði, er hér hafa verið nefnd. Frá því í september til ársloka 1932 eru börnin 50 talsins, samkvæmt athugunum barnaverndarnefndarinnar í Rvík árið 1934 eru þau 58, árið 1935 eru þau 76, og síðastliðið ár eru þau 102, svo sem fyrr greinir. Tölur þessar sýna, að ástandið er orðið alliskyggilegt og fullkomin ástæða til að gefa því gaum.

Það, sem hér hefir sagt verið um ástand á meðal barna, varðar eingöngu Reykjavík, en enginn skyldi afsaka aðgerðaleyysið í þessum málum með því, að „allt sé í lagi“ annarsstaðar á landinu. Síður en svo.

Til barnaverndarnefnda í flestum kaupstöðum landsins komu ýms vandræðamáll út af vitaverðri hegðun barna innan 15 ára aldurs, og sum þess eðlis, að mjög illt er fram úr að ráða, og í fámennum sveitum, sem margir munu ætla, að séu alveg lausar við slík hneykslismál, hafa komið fyrir mál á meðal barna, sem sýna, að víðar er pottur brotinn í svona efnum en í kaupstöðunum. Mér þykir óþarfi að kveða fastar að orði um það; menn rekur efalaust minni til þeirra leiðindaatburða allmargra.

Allt er þetta hryggðar- og áhyggjuefni hugsandi manna, og margur spyr: hvað verður gert til þess að koma í veg fyrir háskann, sem biður þjóðar vorrar, með þessu áframhaldi?

Ég vil í þessu sambandi benda á aðgerðir frændþjóða vorra í nágrannalöndunum, en þar eru fjöldamörg og margskonar barnahæli og uppeldisstofnanir; sumar eru orðnar 150—200 ára gamlar. Má því örugglega byggja á reynslu, sem þar er fengin, og sú reynsla ber það skýrt með sér, að uppeldisstofnanir fyrir vangæfu börnin hafa orðið til ómetanlegs gagns. Hve mörgu mannsefni þær hafa bjargað frá tortímingu, veit kannske enginn, en áhrif slíkra heimila eru harla viðtæk. Ef vér berum oss saman við þessar þjóðir, sem árlega leggja fram stórfé og mikla starfskrafta, æskulýð sínum til verndar og björgunar, hljótum vér að kannast við vanrækslu vora í þessum efnum, og að við svo búið má eigi lengur sitja. Vér hljótum að hefjast handa og taka málefni vangæfu barnanna til rækilegrar meðferðar. Með hverjum hætti verður bætt úr brúnustu þörfinni? Svipaðri spurningu hefir starfsmaður í barnaverndarnefnd Reykjavíkur (Maggi Magnúss læknir) svarað nýlega á þessa leið (Morgunblaðið, 47. tbl. 1937): „Það, sem barnaverndarnefnd Reykjavíkur vanhagar einna mest um, er hæli fyrir börn hér í bænum. Það kemur ekki svo sjaldan fyrir, að nefndin þurfi að koma börnum fyrir með stuttum fyrirvara. Einnig væri æskilegt, að nefnd-

in gæti gert miklu meira að því en nú er mögulegt, að fjarlægja börn úr umhverfi sínu í bili, meðan verið er að athuga allar ástæður.“

Ennfremur segir læknirinn: „Síðast en ekki sízt þarf að koma upp dvalarheimili fyrir þessi börn í sveit undir öruggri stjórn sérfróðs manns.“ (Leturbreyt. hér.) — — „Hingað til hefir nefndin þurft að hola þeim börnum, sem æskilegt eða nauðsynlegt þótti að koma burt úr bænum, niður á sveitaheimili hingað og þangað, en á slíku eru mikil vandkvæði, sökum kunnugleikaskorts, að velja hverju barni heppi-
legt heimili.“

Læknirinn lýkur máli sínu þannig:

„Að gera góða þjóðfélagsborgara úr þessu brotasilfri mannfélagsins er eitt af mestu vandamálum þjóðarinnar.“ Og þetta er einmitt það, sem menningarþjóðirnar leggja svo mikla rækt við, meðal annars með því að stofna heimili fyrir vangæfu börnin og veita þeim þar heilbriggt uppeldi.

Hvað kostnaðarhlið málsins snertir, verður ekki um hana sagt fyrirfram með neinni vissu. Stofnkostnaðurinn fer mjög eftir því, að hve aðgengilegum kjörum komizt verður um húsakost og annað, er heimilið varðar. Rekstrarkostnaður stofnunarinnar hlýtur að fara mikið eftir því, hvernig búskapurinn gengur, því sjálfsagt er að reka búskap í sambandi við heimilið; hæfileg vinna er eitt hið ákjósanlegasta uppeldisráð, sem ætíð reynist flestu öðru betur.

Annars dugir oss ekki að einblína á kostnaðinn, sem slík uppeldisstofnun hefir í för með sér; börnin eru allra dýrmætasta eign sérhverrar þjóðar, og það, sem gert er þeim til bjargar, er gróði þjóðfélagsins, — það verður því allra dýrast að vanrækja þau og týna þeim í spillingu og ómennsku.“